



Flokkaðu orðið

Námsleikir

Markmið

Að auka þekkingu og skilning á samheitum.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Kassar til að flokka í.
Miðar með orðum.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendum er skipt í 3-4 manna hópa. Hver hópur fær miða með samheitum orðanna *éta, hlæga, hrópa, horfa* og l. Orðin eru *borða, snæða, háma í sig, skella upp úr, flissa, kalla, öskra, æpa, gægjast, kíkja, líta, sjá, ganga, rölta, arka, þramma*. Hópurinn dregur einn miða og kemst svo að sameiginlegri niðurstöðu um hvernig eigi að flokka orðið sem dregið var. Þegar búið er að skila miðanum í kassann er nýr miði dreginn og svona gengur leikurinn þangað til allir miðarnir eru búnir. Þegar allir hópar hafa lokið sinni flokkun er farið yfir miðana og nemendur látnir segja af hverju þeir settu hann á þann stað sem þeir völdu.

Aðrar útfærslur

Það er líka hægt að gera þetta að einstaklingsverkefni.
Þá er einnig hægt að vinna með annars konar orðflokka.